

Fundargerð

24. stjórnarfundur FHA haldinn 19. maí, 2011 kl. 11:00

Boðaðir voru stjórnarmenn, varastjórn og framkvæmdastóri. Fundinn sátu: Helgi Gestsson (HG), Erlendur Steinar Friðriksson, (ESF), Kristín Guðmundsdóttir (KG), Kristín Þórarinsdóttir (KP), Páll Björnsson (PB) og Hjördís Sigursteinsdóttir (HS).

Dagskrá:

1. Ársreikningar FHA

HG fór yfir helstu atriði ársreiknings FHA fyrir árið 2010. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

2. Félagsgjald FHA

HG lagði til að félagsgjald FHA yrði óbreytt 1,2%. Nokkrar umræður urðu um félagsgjaldið en það samþykkt samhljóða.

Helgi vék af fundi.

3. Önnur mál

- a. Mönnun stjórnar og nefnda. Aðeins tvær hafa gefið kost á sér í stjórn FHA og enginn hefur haft áhuga á að taka við formannsstarfinu. Páll lýsti því yfir að því miður yrði hann að beiðast undan því að sitja áfram í stjórn FHA vegna anna. Umræður urðu um hvernig ætti að manna stjórn og formannsstöðuna. Ákveðið var að fara á aðalfundinn og biðla til fundarmanna. Kannski kæmu fram tilnefningar þar.

Fundi slitið kl. 12.15